

Nr. 38.
20.
október.

L ö g

um heimild fyrir landsstjórnina til að selja prestinum að
Kolfreyjustað landspildu í Innri-Skálavík.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Landsstjórninni veitist heimild til að selja sóknarpresti að Kolfreyjustað sjera
Jónasi Hallgrímssyni landspildu í svo nefndri Innri-Skálavík í Kolfreyjustaðarlandi,
250 faðma með sjó fram og 90 faðma upp frá fjörumáli, fyrir ekki minna verð en 180 kr.,
eða eftir mati eiðfesta dómkvaddra virðingarmanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 20. október 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Nr. 39.
20.
október.

L ö g

um löggilding verslunarstaða í Karlseyjarvík við Reykhóla
og í Hagabót í Barðastrandarsýslu.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í Karlseyjarvík og í Hagabót í Barðastrandarsýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar á hvorum staðnum um sig, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 20. október 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.